



Reykjavík, 26. apríl 2024

MSS22030199

FYRIRSPURN

Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um fyrirhugaðar umferðaröryggisaðgerðir við Hverfisgötu:

Óskað er eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði um hvort og þá hvaða umferðaröryggisaðgerðir eru fyrirhugaðar við Hverfisgötuna þegar kemur að öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. MSS22030199

Greinargerð:

Íbúar hafa sérstakar áhyggjur af öryggi barna sem þurfa að fara yfir Hverfisgötu í Tónmenntaskóla Reykjavíkur við Lindargötu sem og barna sem búa neðan við Hverfisgötu og þurfa að fara yfir hana á leið í Austurbæjarskóla. Sérstaklega er bent á skort á gangbrautarljósum í þessu sambandi. Hraðamæling var framkvæmd í mars/apríl 2022 og kom í ljós að „Mældur 85% hraði var 42 km/klst“ og 53% ökutækja mældust á hraða yfir 30 km/klst sem er leyfilegur hámarkshraði. Íbúaráðið ítrekar fyrri afstöðu sína frá fundum ráðsins sbr. 6. lið 28. fundargerðar ráðsins, dags. 22. mars 2022, og sbr. 10 lið 32. fundargerðar ráðsins, dags. 27. október 2022.



Reykjavík